

# Siðfár í íslensku samfélagi? Koma e-töflunnar til Íslands

Jónas Orri Jónasson, MA í félagsfræði

Helgi Gunnlaugsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands

## Útdráttur

Neysla ólöglegra vímuefna hefur sýnt sig að vera einkar vel fallin til að skapa ótta og óöryggi í samfélaginu. Þegar ný efni koma fram á sjónarsviðið eykst oft umfjöllun fjölmiðla um notkun efnisins og þá hættu sem af neyslunni stafar. Skömmu eftir að e-taflan barst til landsins á tíunda áratug síðustu aldar fór neyslan að valda miklum usla og öryggisleysi hér á landi. Hér verður kenningunni um siðfár beitt til að kanna hvort koma e-töflunnar til landsins beri merki siðfárs. Greint verður frá umfjöllun fjölmiðla, viðbrögðum almennings, fagstétta og stjórnvalda við komu efnisins hingað til lands. Stuðst er við orðræðugreiningu á öllum fréttum um e-töfluna, sem birtust á tímabilinu 1985-1997, til að meta hvort siðfár hafi skapast í íslensku samfélagi. Niðurstöðurnar benda til að viðbrögð hér á landi hafi sýnt ýmis merki siðfárs eins og lýst er í þekktum kenningum um fyrirbærið.

**Efnisorð:** Siðfár; vímuefnaneysla; frávíkshæðun; fjölmiðlar.

## Moral panic in Icelandic society: Arrival of ecstasy to Iceland

### Abstract

The use of illegal drugs has often been shown to ignite fear and insecurity in society. When a new drug appears the media typically reports on this drug and the risk it poses. Soon after ecstasy appeared in Iceland in the 1990s its use



Icelandic Review of Politics and Administration Vol 10, Issue 2(367-384)

© 2014 Contacts: Jónas Orri Jónasson [joj@hi.is](mailto:joj@hi.is) and Helgi Gunnlaugsson, [helgigun@hi.is](mailto:helgigun@hi.is)

Article first published online December 18th 2014 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 2. tbl. 10. árg. 2014 (367-384)Fræðigreinar

© 2014 Tengiliðir: Jónas Orri Jónasson [joj@hi.is](mailto:joj@hi.is) og Helgi Gunnlaugsson, [helgigun@hi.is](mailto:helgigun@hi.is)

Vefbirting 18. desember 2014 - Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2014.10.2.9>

This work is licensed under Creative Commons Attribution 3.0 License

created a major public uproar and insecurity in Icelandic society. In the article the theory of moral panic will be used to examine if the arrival of ecstasy to Iceland ignited a moral panic. Media reports on ecstasy, public reactions, interest groups and government institutions will be analysed. Discourse analysis is employed on newspaper reporting on ecstasy between 1985 and 1997 to detect signs of moral panic. The main conclusion is that evidence suggests that a moral panic existed in Iceland as described in well-known theories on the subject.

**Keywords:** Moral panic; drug use; deviant behaviour; mass media.

## Inngangur

Yfirvöld á Íslandi brugðust hart við þegar fíkniefna varð fyrst vart hér á landi í kringum 1970. Sérstök fíkniefnalögregla var stofnsett árið 1973 undir formlegri yfirstjórn sjálfstæðs fíkniefnadómstóls (sbr. dómari og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, 52/1973). Skipanin gekk á sínum tíma í berhöggi við íslenskt réttarfar sem er ákæruréttarfar að stofni til (sbr. lög um meðferð opinberra mála, 27/1951; lög um meðferð opinberra mála, 107/1976; lög um skipan dómsvalds í héraði, 9/1976) en það sýnir hversu alvarlegum augum yfirvöld litu á innreið fíkniefna í samfélagið. Þennan vágést yrði að taka sérhæfðum og sjálfstæðum tókum ef ekki ætti illa að fara, jafnvel þótt skipanin væri ekki í samræmi við lagavenjur (Jónatan Þórmundsson, 1980).

Neysla ólöglegra vímuefna hefur lengi verið áberandi umfjöllunarefni fjölmiðla hér á landi. Við fáum iðulega fréttir af haldlagningu fíkniefna, aðgerðum lögreglu og fréttir af nýjum efnum eða þungum fíkniefnadómum (Gunnlaugsson og Galliher, 2010). Umfjöllunin litast jafnan af áhyggjum, jafnvel ótta og hafa rannsóknir sýnt að Íslendingar telja fíkniefnaneyslu og –brot mestu afbrotavandamálin hér á landi (Helgi Gunnlaugsson, 2013). Ýmislegt bendir því til þess að áhyggjur af fíkniefnum hafi lengi verið útbreiddar hér á landi. Íslenskt samfélag virðist allt bregðast við með svipuðum hætti, hvort sem um stjórnvöld eða almenning er að ræða.

Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt að umfjöllun fjölmiðla um neyslu ólöglegra vímuefna fylgir oft siðfár (e. *moral panic*) (Baerveldt, Bunkers, de Winter og Kooistra, 1998; Ben-Yehuda, 1986; Collin, 1997; Cottino og Quirico, 1995; Goode, 1990; Goode og Ben-Yehuda, 1994/2009; Hawdon, 1996, 2001; Hier, 2002; Hill, 2002; Reinarmann, 1994). Siðfár felur í sér að viðbrögð og ótti samfélagsins er yfirleitt í litlu samhengi við raunverulega ógn eða tjón sem vandinn skapar samfélaginu. Áhyggjurnar eru ýktar í fjölmiðlum en slíkt kyndir undir ótta. Almennigur, áhrifamiklir aðilar í samfélaginu og þrýstihópar krefjast þess að eitthvað sé gert til að sporna við ógninni. Oftar en ekki skellur vandinn á snöggt og hverfur jafnharðan aftur.

Í Bretlandi og Bandaríkjunum hefur hugtakið siðfár notið töluverðra vinsælda bæði meðal fræðimanna og í umfjöllun fjölmiðla (Hier, 2011; Krinsky, 2013). Til viðbótar því, að færð eru rök fyrir að umfjöllun fjölmiðla um neyslu ólöglegra vímuefna fylgi oft siðfár, hafa fræðimenn sýnt fram á siðferðislegt uppnám í tengslum við frávikshæðan af ýmsu öðru tagi. Fræðimenn virðast hafa átt um auðugan garð að gresja og hefur 20. öldin jafnvel verið kölluð öld siðfára (Thompson, 1998). Rannsakendur hafa greint

siðfár í umfjöllun og viðbrögðum við nettælingu barna (Cassell og Cramer, 2008), rán á götum úti (e. *mugging*) (Hall, Critcher, Jefferson, Clarke og Roberts, 1978) og tilvist djöfladýrkenda (DeYoung, 1996; 1998; 2004; Goode og Ben-Yehuda, 2009; Jenkins og Maier-Katkin, 1992). Auk þess hefur ótti við unglíngamenningu skapað siðfár í samfélaginu (Thompson, 1998). Hér á landi hafa slíkar rannsóknir þó ekki verið áberandi og má telja þær á fingrum annarrar handar (sjá Helgi Gunnlaugsson, 2008; Gunnhildur Steinarsdóttir, 2010; Gunnhildur Steinarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2010).

Þótt menn haldi því fram að neysla ólöglegra vímuefna geti fylgt siðfár þýðir ekki það sama og gert sé lítið úr þeim vanda sem misnotkun vímuefna getur valdið. Samkvæmt hugmyndinni um siðfár er eingöngu verið að vísa í hvernig tiltekið vímuefni og neysla þess getur allt í einu hlotið mikla fjölmiðlaumfjöllun, valdið tímabundnum múgæsingi og kröfur um hertar aðgerðir fylgja svo gjarna í kjölfarið til að sporna við ógninni. Umfjöllunin er jafnan mun meiri en um önnur, oft alvarlegri félagsleg vandamál, og varir yfirleitt í skamma stund.

Ótti vegna neyslu nýs vímuefnis nær stundum að skekja allt samfélagið. Almenn-ingur kallar eftir aðgerðum gegn nýju samfélagsógninni og áhrifamiklir aðilar, eins og ritstjórar fjölmiðla, greina frá afleiðingum þess ef ekkert verði að gert. Auk þess sem stjórnáamenn, hagsmunasamtök, lögreglan, fagaðilar og fleiri stéttir gera vágéstinn að viðfangsefni sínu. Fundir eru haldnir, ræður fluttar, frumvörp lögð fram á þingi og kallað eftir frekari rannsóknum á áhrifum þessarar nýju samfélagsógnar. Blæbrigðamunur getur þó verið á viðbrögðum eftir því hvaða vímuefni á í hlut hverju sinni en í meginatriðum eru þau ávallt talin hin sömu. Geðshræring, uppnám, jafnvel ótti vegna neyslu nýs og framandi vímuefnis, auk þess sem efnið er upphaflega talið mun skadlegra en síðar kemur í ljós. Uppnámið birtist alls staðar með svipuðum hætti og umfjöllun fjölmiðla, aðgerðir stjórnvalda og skoðanir almennings eru yfirleitt samhljóma (Goode og Ben-Yehuda, 2009).

E-taflan skapaði usla í íslensku samfélagi þegar hún barst hingað fyrst um miðjan tíunda áratug liðinnar aldar. Hér á eftir verður greint nánar frá kenningum Cohens (1972/2002) og Goodes og Ben-Yehuda (1994/2009) um siðfár og hvernig þær tengjast viðfangsefninu. Í lok fræðilega kaflans um siðfár verður síðan greint frá meginspurningum greinarinnar og í framhaldi leitað svara við þeim í ólíkum gögnum rannsóknarinnar um komu e-töflunnar til Íslands.

## Hvað er siðfár?

Hugmyndin um siðfár gerir okkur kleift að greina frá sameiginlegum einkennum ólíkra félagslegra vandamála sem skyndilega lenda í kastljósi fjölmiðla. Vandamálin valda áhyggjum meðal almennings og í valdastofnunum samfélagsins og virðast kalla á sértækar aðgerðir (Critcher, 2006). Siðfársrannsóknir eru áhugaverðar vegna þess að þær falla innan mjög ólíkra kenningaramma. Rannsóknir á siðfári hafa til að mynda verið gerðar undir áhrifum samskiptasjónarhornsins og marxískra og femínískra kenninga, svo dæmi séu tekin. Hugmyndin á rætur að rekja til breska félagsfræðingsins Stanley Cohen sem kom hugmyndinni fyrst á kortið innan fræðanna árið 1972. Siðfársrannsóknir hafa síðan verið

flokkaðar í þrjár tegundir eftir nálgun þeirra: Hefðbundnar rannsóknir (e. *conventional*), gagnrýnandi rannsóknir (e. *skeptical*) og endurskilgreinandi (e. *revisionist*) (Hier, 2011).

Hefðbundna sjónarhornið byggir einna helst á skrifum Cohen (2002) og Goode og Ben-Yehuda (2009). Samkvæmt sjónarhorninu er siðfár ekki beint kenning heldur nokkurs konar greiningartól sem fræðimenn beita til að varpa ljósi á samfélagið sem við lifum í. Siðfár getur aðeins verið til staðar þegar samfélagið bregst við einhvers konar frávikshæðun. Ótti við sjúkdóma, hlýnun jarðar eða kjarnavopn geti ekki flokkast sem siðfár eða valdið því. Siðfár þarf að snerta siðferðiskennd almennings á einhvern hátt. Gengið er út frá sömu hugmyndum og Howard S. Becker gerði í bók sinni *Outsiders* (1963). Í stað þess að spyrja hvers vegna frávikshæðun á sér stað er spurt: „Hvers vegna bregst samfélagið við tiltekinni hæðun á þann hátt sem það gerir?“

Í rannsóknnum Cohen (2002) skipta viðbrögð fjögurra samfélagshópa við frávikinu mestu máli. Hóparnir eru: Fjölmiðlar, almenningur, aðilar stjórnerfðisins og að lokum þrýstihópar. Almenningur fær einna helst upplýsingar um afbrot og glæpi úr fjölmiðlum. Fjölmiðlar eru því mikilvægasti aðilinn þegar kemur að því að koma af stað og viðhalda siðfári. Umfjöllunin um tiltekna ógn byrjar í fjölmiðlum þar sem samfélagið er talið standa frammi fyrir nýjum vanda vegna tiltekinnar frávikshæðunar. Atburðir eru afbakaðir í fjölmiðlum og vandamál búin til af litlu eða engu tilefni. Spáð er fyrir um hverjar afleiðingarnar verði ef ekki er brugðist við ógninni. Tiltekinn hópur einstaklinga er tekinn út og skilgreindur sem ógn við samfélagið. Hæðun hans er talin valda óöryggi og grafa undan ríkjandi gildum og viðmiðum. Cohen (2002) álitur að fjölmiðlar búi til og skilgreini svokallaða þjóðarskelfa (e. *folk devils*). Sérstök hugtök eða orð eru notuð til að lýsa viðkomandi hópi sem talinn er valda uppnámi í samfélaginu. Hæðun hans stangist á við ríkjandi viðmið og gildi og hópurinn fær því á sig slæmt orð.

Fíkniefnasalar eru vel til þess fallnir að vera skilgreindir sem þjóðarskelfar og fellur umfjöllun um neyslu ólöglegra vímuefna því vel að siðfársrannsóknnum. Neyslan er jafnan fordæmd í samfélaginu og viss skömm (e. *stigma*) fylgir því að neyta ólöglegra vímuefna. Fáir leggja í að berjast fyrir breytingum á löggjöfnni eða gagnrýna hörð viðbröð samfélagsins. Hér á landi má greina slíka orðræðu. Andstæðingar bjórþbansins voru til dæmis vændir um að vilja leyfa bjór einungis til að geta neytt hans sjálfir (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Auk þess hafa þeir, sem tala fyrir breyttum áherslum í kannabislöggjöfnni, verið nefndir kannabisbullur og trúverðugleiki þeirra dreginn í efa (SÁÁ, 2010).

Goode og Ben-Yehuda (2009) bæta við hugmyndir Cohens (2002) og tilgreina þrjár meginkenningar um hvaða samfélagshópar það séu sem einna helst valda því að siðfár skapist í samfélaginu. Kenningarnar gera greinarmun á hvort upphaf siðfársins megi rekja til grasrótarinnar í samfélaginu, valdahópa eða þrýstihópa. Samkvæmt grasrótarkenningunni á siðfár uppruna sinn í siðferðiskennd almennings. Tiltekin hæðun, eða ákveðinn hópur eða atburður veldur áhyggjum meðal almennings sem kemur síðan áhyggjum sínum á framfæri. Fjölmiðlar og stjórnmálamenn taka við keflinu og gera áhyggjurnar að umfjöllunarefni sínu.

Kenningin um valdahópa felst aftur á móti í því að valdamiklir samfélagshópar komi af stað siðfári til að beina athyglinni frá öðrum vandamálum sem koma illa við hagsmuni

valdastétta. Gengið er út frá því að ríkjandi valdastétt hafi umtalsvert vald í þjóðfélaginu og geti meðal annars haft afgerandi áhrif á fjölmiðla og stefnumótun stjórnmalamanna.

Þriðja kenningin er sú að þrýstihópar úr millistétt hafi mestu áhrifin í að skapa siðfár í samfélaginu. Málsmetandi aðilar, sem tilheyra oft valdastofnunum samfélagsins, veki athygli á atferli sem talið er siðlaust. Í framhaldi leitist þeir við að telja almenningi trú um að hegðunin sé skadleg. Reynt er að hafa áhrif á almenning til að skapa andúð á tiltekinni frávikshegðun og skapa kröfu um aðgerðir. Goode og Ben-Yehuda (2009) telja í þessu samhengi að valdastofnanir nýti sér siðfársástand til þess að reyna að auka eða viðhalda þeim áhrifum sem þær hafa í samfélaginu. Auknar fjárveitingar eða stærra hlutverk innan stjórnkerfisins er jafnan talinn undirliggjandi boðskapur. Hér er vísað í stofnanir á borð við lögregluna, meðferðarstofnanir, trúarhópa, menntastofnanir og fjölmiðla. Meginspurningin til að greina hvar siðfárið á upptök sín er því í raun: Hverjir hagnast mest á auknum áhyggjum í samfélaginu? Þrátt fyrir að vissar stofnanir geti hagnast á siðfársástandinu er ekki verið að halda því fram að viðkomandi stofnanir trúu ekki að samfélagið standi frammi fyrir áþreifanlegum vanda. Vandamálið er iðulega talið raunverulegt en um leið skapast ótti meðal almennings sem kemur málefnum og hagsmunum viðkomandi á framfæri.

Goode og Ben-Yehuda (2009) telja algengast að siðfárið eigi upptök sín í þriðju kenningunni hér að ofan eða hjá þrýstihópum úr millistétt. Stjórnsýslan bregst oft við auknum kröfum frá hópum af þessu tagi. Breytingar geta átt sér stað á löggjöfni, lögreglu eru veittar rýmri heimildir og dómur þyngdir. Viðbrögðin eru oft úr samhengi við alvarleika vandans. Jafnframt greina þeir frá fimm meginþáttum, sem atburður verður að uppfylla, svo að hægt sé að fullyrða að samfélagið standi frammi fyrir siðfári.

Í fyrsta lagi verða vaxandi áhyggjur í samfélaginu vegna hegðunar tiltekins hóps að vera til staðar. Áhyggjurnar verði að vera mælanlegar, t.d. með viðhorfskönnunum. Í öðru lagi aukinn fjandskapur í garð hópsins sem veldur ógninni í samfélaginu eða tekur þátt í frávikshegðuninni. Þetta er byggt á hugmynd Cohens (2002) um þjóðarskelfa. Í þriðja lagi verður að vera einhver samhljómur innan samfélagsins alls (eða hluta þess) um að ógnin sé raunveruleg, að hún hafi alvarlegar afleiðingar fyrir samfélagið og orsakist af frávikshegðun viðkomandi hóps. Í fjórða lagi er einn mikilvægasti þátturinn tiltekið ósamræmi. Að tilfinning meginþorra almennings sé sú að fleiri leggi stund á frávikshegðunina en raun ber vitni. Að ógnin, eða skaðinn sem stafar af hegðuninni, sé meiri en hann í raun og veru er. Mikilvægt er að greina hvernig þeir, sem koma siðfárinu af stað, ýkja eða jafnvel búa til tölur um vandann. Flökkusögur og slúður verða iðulega til um orsakir og afleiðingar frávikshegðunarinnar. Fjöldi þeirra, sem neytir tiltekens vímuefnis, er ýktur, skadsemi efnisins blásin út sem og fjöldi slasaðra, fórnarlamba eða fjárhæðir. Málaflokkurinn fær jafnframt meiri athygli en aðrir þrátt fyrir að raunveruleg ógn, sem af honum stafi, sé sú sama eða jafnvel minni. Loks benda Goode og Ben-Yehuda (2009) á að siðfár sé hverfult. Á stuttu tímabili megi greina mikla andstöðu innan samfélagsins í garð fráviksins. Siðfárið spretti allt í einu fram á sjónarsviðið og virðist ná heljartökum á samfélaginu. Aftur á móti hjaðni siðfárið jafnhvatt aftur uns það hverfur alveg af sjónarsviðinu.

Hugmyndin um siðfár hefur ekki sloppið við gagnrýni. Helsta gagnrýnin er sú hversu erfitt er að mæla nákvæmlega umfang vandamálsins og bera saman við hvað séu viðeigandi viðbrögð (Cornwell og Linders, 2002; Ungar, 2001; Waddington, 1986). Í raun sé ekki hægt að bera vandamálið saman við raunveruleikann heldur sé aðeins unnt að bera vandann saman við hvernig rannsakandinn sjálfur telur réttast að bregðast við. Gagnrýnendur velta því jafnan fyrir sér hvort viðbrögðin séu raunverulega úr samhengi eða hvort vandamálið sé einungis stærra en rannsakandinn sjálfur telur (sjá Garland, 2008). Viðeigandi viðbrögð við tilteknu vandamáli sé ekki hægt að mæla á óyggjandi hátt og fullyrða að viðbrögðin séu í raun úr samhengi við atburðinn.

Cohen (2002) og Goode og Ben-Yehuda (2009) hafa svarað gagnrýninni á þann veg að ekki sé alltaf hægt að fullyrða með vissu hvort ósamræmi ríki milli viðbragða almennings og ógnarinnar sem samfélagið stendur frammi fyrir hverju sinni. Aftur á móti sé ósamræmið vel greinanlegt þegar samfélagið stendur frammi fyrir siðfári og umfang vandans er tvímælalaust stórkostlega ýkt. Umfjöllun fréttu og flökkusögurnar í samfélaginu gangi út frá því að stórfellt vandamál ógni samfélaginu en opinberar tölur leiði þó annað í ljós. Tiltekið mál fær því mun meiri athygli heldur en eitthvert annað vandamál þrátt fyrir að ógnin, sem samfélagið standi frammi fyrir, sé minni eða sú sama. Til dæmis veldur tóbak meira en 400 þúsund ótímabærum dauðsföllum í Bandaríkjunum á ári hverju en umfjöllunin er þó yfirleitt lítil sem engin um þann skaða. Til samanburðar sé ekki hægt að rekja nein dauðsföll til kannabisreykinga, sem gjarnan tekur mikið pláss í umræðunni, og á tímabili hafi ríkt siðfár vegna kannabisneyslu í samfélaginu.

Í greininni verður hefðbundnu sjónarhorni Cohens (2002) og Goodes og Ben-Yehuda (2009) beitt til að sjá hvort merki um siðfár hafi komið fram vegna komu e-töflunnar til Íslands. Viðbrögð fjögurra þjóðfélagshópa verður einkum skoðuð: Fjölmíðla, almennings, aðila stjórnkerfisins, og þrýstihópa. Jafnframt verður leitað eftir þeim fimm meginatriðum sem verða að vera til staðar til þess að hægt sé að fullyrða að samfélagið standi frammi fyrir siðfári. Þá er átt við hvort áhyggjur vegna e-töflunnar hafi verið áberandi, fjandskapur hafi verið merkjanlegur í garð hópsins sem talinn var valda ógninni, samhljómur hafi ríkt í samfélaginu um raunverulega ógn, ósamræmi hafi átt sér stað í málflutningi og að lokum hvort farið hafi verið skammvinnnt. Hvað einkenni umfjöllun fjölmíðla á þessum árum? Ríkti siðfár á Íslandi eða stóð samfélagið frammi fyrir raunverulegri ógn?

## Aðferðir og gögn

Í ljósi þess að fjölmíðlar eru taldir mikilvægasti hlekkurinn í að skapa og viðhalda siðfári (t.d. Cohen, 2002; McRobbie og Thornton, 1995) voru blaðagreinar greindar. Studst var við allar fréttir sem birtust í íslenskum dagblöðum á árunum 1985 til 1997 og fjölluðu á einhvern hátt um e-töfluna (n=379). Við söfnun gagnanna var notast við gagnabankann timarit.is sem er stafrænt bókasafn á netinu og veitir aðgang að fjölda myndaðra blaðsíðna úr íslenskum dagblöðum og tímaritum. Fréttir úr Morgunblaðinu, Helgarpóstinum, Dagblaðinu Vísi (DV), Degi og Tímanum sem sameinuðust á þessu tímabili í Dag-Tímann voru skoðaðar. Leitað var eftir helstu nöfnum (eða fallbeygingu af þeim)




sem e-taflan gekk undir á þessum tíma. Orðin voru: alsæla, helsæla, vansæla, e-töflur, e-pillur, ecstasy og ecstacy.

Við greiningu á gögnunum var orðræðugreiningu (e. *discourse analysis*) beitt, sem fræðimenn eru í auknum mæli farnir að nota við rannsóknir á siðfári (t.d. Critcher, 2003; Hier, 2002; Thompson, 1998). Með því að beita orðræðugreiningu getum við varpað fram þeirri mynd sem fram kom í umfjöllun fjölmiðla á þessu tímabili. Greint var hvaðan orðræðan kemur og hvort ólíkir hópar samfélagsins notuðu mismunandi orðræðu í umfjöllun sinni um e-töfluna (Bryman, 2004). Allar fréttirnar, sem komu upp út frá ofangreindum leitarskilyrðum, voru lesnar og flokkaðar eftir dagsetningu. Þær voru síðan greindar eftir fyrirfram skilgreindum þemum, byggðum á hefðbundnum siðfárs rannsóknum (Cohen, 2002; Goode og Ben-Yehuda, 2009).

Til að varpa frekara ljósi á tímabil rannsóknarinnar var stuðst við niðurstöður viðhorfsmælinga sem Helgi Gunnlaugsson gerði á árunum 1989 – 2013 í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Jafnframt var vísað í mælingar á neyslu e-taflna meðal ungmenna á þessu tímabili sem framkvæmdar voru af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Félagsvísindastofnun og fjölþjóðlegum hópi vísindamanna.

## Niðurstöður

Íslensk viðhorfsskönnun frá 1997 sýndi að um helmingur Íslendinga taldi fíkniefnaneyslu mesta vandamál afbrota hér á landi og hefur ekki mælst jafn hátt hvorki fyrir eða síðar (Helgi Gunnlaugsson, 2013). Auknar áhyggjur eru einmitt fyrsta forsenda Goode og Ben-Yehuda (2009) um að siðfár ríki í samfélaginu og það vekur upp spurningu um hvort siðfár hafi ríkt á Íslandi á þessum tíma. Áhugavert er því að kanna hvort einhver önnur merki um siðfár hafi komið fram á Íslandi í tengslum við komu e-töflunnar til Íslands og í framhaldi meta réttmæti hugmyndarinnar.



**Mynd 1.** Fjöldi fréttanna um e-töflur árin 1992 til 1997

Fyrstu fréttirnar um e-töfluna birtust strax árið 1985. Á tímabilinu fram til 1990 mátti sjá nokkrar fréttir á ári þar sem fjallað var um neysluna í Evrópu og því velt upp hvenær

Þessi hættulega tafla myndi berast til Íslands. Á mynd 1 má sjá hve margar fréttir, sem tengdust umfjöllun um e-töflur, birtust á ári frá 1992 til 1997. Eins og myndin sýnir birtust alls 26 fréttir árið 1992, en þeim fækkar næstu tvö ár á eftir. Árið 1992 taldi lögreglan auknar líkur á því að e-taflan væri að ná fótfestu í undirheimum Reykjavíkur. Greint var frá því hvað myndi gerast ef efnið næði að festa sig í sessi meðal íslenskra neytenda og að íslensku samfélagi væri stefnt í glötun ef ekkert yrði aðhafst (Ellert B. Schram, 1992). Auk þess var því haldið fram að allir þeir sem neyttu e-taflna þyrftu að leita aðstoðar geðlæknis til þess að ná bata á nýjan leik („Jakob Kristinsson cand. pharm. um“, 1992).

Um verslunarmannahelgina 1992 fundust alls 30 töflur af meintri alsælu á Eldborgarhátíðinni á Kaldármelum. Fjölmíðlar greindu frá fundinum og að „fíkniefnahlík-ur“ hefðu herjað á hátíðina („Fíkniefnahlíkur á“, 1992). Þetta var skilgreiningin á hópi einstaklinga sem áður hafði komist í kast við löginn vegna neyslu vímuefna. Umfjöllun Morgunblaðsins um málið vakti mesta athygli. Þar birtist umfjöllunin undir fyrirsögninni: „Vímuefnið alsæla hefur valdið sjö dauðsföllum: Efnið sem fannst á Kaldármelum er hugsanlega alsæla“ („Vímuefnið alsæla“, 1992). Augljóst er að fyrirsögnin var sett upp til þess að valda ugg meðal lesenda og auka á ótta við að e-taflan væri komin til landsins. Út frá fyrirsögninni má ætla að efnið sé farið að hafa áhrif á líf íslenskra ungmenna og draga þau til dauða. Síðar í greininni kemur þó í ljós að dauðsföllin áttu sér ekki stað hér á landi heldur á Bretlandseyjum. Nokkrum dögum síðar var svo greint frá því að töflurnar, sem fundust á Kaldármelum, voru í raun hjartalýf.

Í kjölfarið dregur nokkuð úr umfjölluninni og var lítið fjallað um efnið árin 1993 og 1994, auk þess sem minna var um að lagt væri hald á efnið þau ár. Lögreglan taldi til að mynda að e-taflan væri ekki lengur í almennri neyslu, heldur eingöngu bundin við lokaðan hóp fíkniefnaneytenda (Pétur Gunnarsson, 1993). Árið 1995 fjölga fréttunum töluvert og enn frekar árið 1996 en það ár birtust flestar fréttir, eða alls 150 talsins eins og fram kemur á mynd 1. Strax árið eftir má sjá að fréttunum fækkar um helming. Flestar fréttirnar birtast á stuttu tímabili við lok árs 1995 og í upphafi árs 1996. Í byrjun árs 1996 birtist að meðaltali ein frétt á dag sem fjallaði á einhvern hátt um e-töfluna. Þessi mikli fjöldi fréttar birtist í kjölfar þess að Morgunblaðið greindi frá því að ungur drengur, sem féll ekki undir skilgreiningu venjulegs vímuefnaneytenda, hefði stytt sér aldur eftir neyslu e-taflna („Hörmulegar afleiðingar“, 1995). Síðar kom þó í ljós að drengurinn hafði verið í talsverðri vímuefnaneyslu og ekki aðeins notað e-töflu kvöldið áður en hann lést, heldur einnig önnur vímuefni („Dansað við dauðann“, 1996).

Einkennandi fyrir umfjöllunina árin 1995 til 1996 voru fréttir um skaðsemi neyslunnar. Greint frá afleiðingum hennar, reynslusögum og annars konar umfjöllun sem virtust þjóna þeim tilgangi að draga úr neyslunni. Árið 1997 og síðar snýst umfjöllunin frekar um haldlagningu fíkniefnisins, dómsmál og aðra almenna umfjöllun sem tengist innflutningi efnisins. Minna er um fréttir sem fjalla beint um skaðsemina. Áhugavert er, að þegar fréttum um e-töfluna fækkar og fréttatflutningurinn breytist við lok árs 1996 og upphaf árs 1997, voru lögreglan og tollurinn farin að leggja hald á efnið í ríkari mæli. Neysla efnisins virtist einnig vera farin að aukast lítillega. Þrátt fyrir það virtist umræðan í samfélaginu minnka og umfjöllun fjölmíðla sömuleiðis.



## Þjóðarskelfar

Oft er einkennandi fyrir umfjöllun fjölmiðla um neyslu vímuefna að þeir sem selja efnin eru skilgreindir sem skrímsli og neytendur sem fórnarlömb. Sérstaklega er bent á að óprúttir aðilar séu að tálðraga æsku landsins. Í kjölfar þess, að fréttamiðlar voru farnir að greina frá því að neyslan hefði færst frá hinum „hefðbundna“ neytanda yfir til „venjulegra“ krakka, jókst umræðan. Umræðan jókst í kjölfar þess að fíkniefnasalarnir voru gerðir að þjóðarskelfum og kallaðir sölumenn dauðans. Þeim var lýst sem lævísimum aðilum sem lokkuðu til sín saklaus ungmenni sem engan áhuga höfðu á því að neyta vímuefna og töldu þeim trú um að e-taflan væri með öllu skaðlaus. Sölumennirnir voru sagðir vera á hverju götuhorni, sætu um grunnskólana til að lokka til sín saklaus börn „með símboða í beltinu tilbúnir að selja hverjum sem er eitur í nafni skemmtunar og alsælu“ („Sölumenn dauðans“, 1995).

Ábyrgðin var alfarið lögð á herðar þeirra sem seldu efnin. Börnin eru tæld út í heim vonleysis og krafan um að þyngja þyrfti dóma kom í kjölfarið. Eins og kom fram í viðtali við nokkrar mæður ungmenna, sem farið höfðu illa út úr vímuefnaneyslu, varð að bregðast hart við e-töflunum sem væru að flæða yfir landið. Töldu mæðurnar að „það [þyrfti] að taka dópsalana fljótt og örugglega úr umferð. Þetta eru morðingar og eiga að fá dóma í samræmi við það. Sölumenn dauðans mega ekki sleppa“ („Fjórar mæður“, 1996). Ýmsir málsmetandi einstaklingar bentu á að þeir sem væru að selja e-töflur svifust einskis fyrir ágóðahlut. Með ábyrgðarleysi og glæpastarfsemi væru þeir að valda óbætanlegu tjóni á lífi og heilsu mörg hundruð barna og unglinga („Fimm ráð“, 1996). Orðræðan beindist að því að stjórnvöld yrðu að gera eitthvað, fíkniefnasalarnir væru ógn við samfélagið sem yrði að stöðva.

## Aukin neysla unglinga?

Við upphaf árs 1995 tóku landlæknir, lögreglan, fjölmiðlar, félag framhaldsskólanema og fleiri faghópar höndum saman og blésu til sóknar gegn neyslu e-taflna. Greint var frá því að neyslan væri farin að aukast verulega og kúnnahópur sölumanna væri einna helst eldri grunnskólanemar og framhaldsskólanemar („Landlæknisembættið, lögreglan og“, 1995). Neyslan var einnig talin vera farin að aukast hjá „venjulegum“ unglungum en ekki einungis bundin við hefðbundinn hóp fíkniefnaneytenda („Fíkniefnalögreglan í“, 1995). Fjölmiðlar greindu frá því að neyslan væri algeng meðal nemenda í 10. bekk og að skemmtanahald þeirra einkenndist af neyslu e-taflna („Nemendur úr“, 1995). Fjölmiðlar gengu jafnvel svo langt að segja að í Reykjavík ríkti nú ecstasy æði („Reykjavík: Ecstasy“, 1995).

Af þessum fréttaplutningi mætti draga þá ályktun að neysla e-taflna meðal unglinga væri komin úr böndunum og skilaði þessi tilfinning sér út í samfélagið. Flökkusögur gengu um að jafn auðvelt væri fyrir unglinga að nálgast e-töflur og kaupa bland í poka eða panta pítsu („Hald lagt“, 1996). Sömuleiðis var greint frá því að undanfarið hefði verið svo mikið magn af e-töflum í landinu að unglingar væru farnir að fara niður í bæ um helgar til að tína upp töflur sem aðrir höfðu misst. Kæmu þeir síðan heim með fulla vasa af dópi eftir kvöldið („Ummæli og viðhorf“, 1996). Foreldrar höfðu áhyggjur af því

að nauðsynlegt væri að kemma leiksvæði barna sinna þar sem sá veruleiki blasti nú við að e-töflur væru út um allt. Meira að segja 11 ára gamall drengur hefði verið úti að leika sér og komið heim með töflur sem hann hefði fundið („Þurfa foreldrar“, 1996).

Telja verður ólíklegt að unglingar hafi getað farið í bæinn um helgar til að tína upp e-töflur, auk þess sem fundur 11 ára pils heyrði frekar til undantekninga en að vera daglegt brauð eða sá veruleiki sem blasti við. Fréttir af þessu tagi hljóta að teljast flökkusögur sem eigi að sýna hve algeng neyslan sé. Samkvæmt tveimur íslenskum rannsóknum, sem framkvæmdar voru á þessum tíma, 1995 til 1998, var neysla unglinga í efstu bekkjum grunnskóla (8.-10. bekk) óveruleg. Um 1,6 prósent 10. bekkinga sögðust hafa prófað e-töflur árið 1995, 2,3 prósent árið 1997 og 3,4 prósent árið 1998. Aftur dró úr þessari neyslu árið 1999 en þá sögðust 1,4 prósent nemenda í 10. bekk hafa prófað e-töflur (Stefán Hrafn Jónsson, Þóroddur Bjarnason, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Jón Sigfússon, 2003).

Aftur á móti er ekki hægt að mæla á móti því að 3,4% sé frekar hátt hlutfall þegar vísað er í neyslu e-tafna í grunnskólum. Tíðnin var þó ekki nærri því eins útbreidd og fjölmiðlar, málsmetandi aðilar og aðrir létu í veðri vaka. Hér er um að ræða hlutfall þeirra sem sagðist hafa prófað e-töflur einu sinni, en eins og fréttirnar gáfu oft til kynna átti neyslan að vera töluvert algengari meðal þessa hóps og margir fleiri komnir í mikla neyslu. Önnur rannsókn sýndi árið 1997 að um 0,9% 10. bekkinga sögðust hafa neytt e-tafna 10 sinnum eða oftar. Alls gerir það um 22 krakka miðað við þýðið á þessum tíma (Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson, 1998). E-pillan var ekki talin algengt vímuefni meðal 17 ára reykvískra unglinga í lok árs 1996 (Sigrún Aðalbjarnardóttir, Sigurlína Davíðsdóttir og Eyrún M. Rúnarsdóttir, 1997). Alls sjö prósent sögðust einhvern tíma hafa prófað efnið þar af þrjú prósent oftar en tíu sinnum. Fjölpjöldleg ESPAD mæling sýndi árið 1995 að fjögur prósent tíundu bekkinga á Íslandi höfðu einhvern tíma prófað önnur efni en kannabis (Hibell o.fl., 1997). Árið 2003 var neysla á e-töflunni mæld sérstaklega (Hibell o.fl., 2004). Alls þrjú prósent tíundu bekkinga á Íslandi sögðust einhvern tíma hafa prófað efnið sem var sama meðaltal og fannst í öðrum löndum.

## Krafan um auknar aðgerðir

Töluverð fjölmiðlaumfjöllun átti sér stað um dóma og dómsmál vegna innflutnings á e-töflum. Umræðan var jafnan á þá leið að dómur væru of vægir og sú krafa kom fram að beita þyrfti þvingstu mögulegu refsingu (t.d. „Ákæra gefin út“, 1995; „Héraðsdómur dæmir“, 1995). Almennungur var sama sinnis og taldi dóma, sem féllu þessi ár, ekki nægilega þunga. Líkt og komið hefur fram voru óprúttnir aðilar að selja börnum dauðann og því þurfti að beita þungum refsingum. Krafan kom ekki aðeins frá almenningi og fjölmiðlum. Sérfræðingur hjá ríkissaksóknara benti á að refsiramminn yrði að vera nýttur til fulls. Ýmsir aðilar stigu fram á sjónarsviðið og kölluðu eftir harðari refsingum, til að mynda formaður samtakanna Vímulaus æska. Hækka þyrfti refsirammann þar sem sala á fíkniefnum jafnaðist á við versta ofbeldi. Sölumennirnir væru að selja börnum eiturfylf og þar með að stuðla að tortúngu þeirra og því yrði að herða refsirammann („Tíminn spyr“, 1995).

Umfjöllunin barst einnig inn í sali Alþingis þar sem lögð var fram þingsályktunartil-laga um hert viðurlög við fíkniefnabrotum. Rýmka þyrfti ramma refsilaganna úr 10 ára hámarks frelsisviptingu í 16 ár eða jafnvel ævilangt fangelsi. Í því fælist sú viðmiðunar-regla að harðar yrði tekið á þeim hættulega glæp sem innflutningur fíkniefna væri („Arn-þrúður Karlsdóttir flytur“, 1995). Áhugaverð eru ummæli þáverandi dómsmálaráðherra: „Ég beindi þó þeim tilmælum til dómara [...] að þeir yrðu að huga að þeirri umræðu sem fram hefur farið í þjóðfélaginu varðandi ofbeldisafbrot og ávana- og fíkniefnabrot með tilliti til refsinga. Það væri þung krafa í þjóðfélaginu að í dómum kæmi fram þyngri ábyrgð en verið hefur“ („Þingmenn ræða um“, 1995).

Aðgerðir af þessu tagi voru þó ekki nægar til að róa almenning sem virtist vera búinn að missa alla þolinmæði gagnvart aðgerðarleysi stjórnvalda. Ógnin var raunveruleg og eitthvað þurfti að gera til þess að sporna við henni og vernda ungu kynslóðina. Í byrjun janúar 1996 gekk undirskriftalisti á milli fólks sem kallaði eftir auknum aðgerðum stjórn-valda. Fylgdi sú flökkusaga listanum að refsikerfið væri orðið það brenglað að karl-maður í viðskiptalífínu hefði verið tekinn með nokkur hundruð e-pillur. Sá hafi játað að eiga töflurnar og verið látinn laus daginn eftir. Aftur á móti hefði annar karlmaður, sem reyndi að ræna milljón í banka, verið dæmdur samdægurs. Þetta var talið gefa þau skilaboð að í lagi væri að selja eiturpillur, sem gætu drepið börnin okkar, en ekki stela peningum („Barátta gegn“, 1996).

Áhrif umræðunnar komu svo greinilega fram um mitt ár 1996 þegar upp komst um smygl og sölu fimm karla á 800 e-töflum. Ríkissaksóknari krafðist þess að mennirnir yrðu dæmdir í 10 ára fangelsi, meðal annars vegna þess að einn karlanna hafði viðurkennt að hafa selt á annað hundruð ungmennum efnin („Fimm menn ákærðir“, 1996). Farið var fram á þessa refsíþyngd sökum þess að álit vísindamanna væri óyggjandi um að e-taflan væri eitt hættulegasta fíkniefnið sem fram hefði komið („Ákæra í alsælumáli“, 1996).

Málið vatt upp á sig og við réttarhöldin fékk ríkissaksóknari leyfi til að fá upplýs-ingar um farsímanotkun eins aðila í málinu frá Pósti og síma. Þetta var í fyrsta sinn sem heimild af þessu tagi var veitt. Verjendur mannanna mótmæltu í nafni persónuverndar en var hafnað („Ríkissaksóknara leyft“, 1996). Þótt farið hefði verið fram á þetta þunga refsingu hlutu mennirnir ekki svo þungan dóm. Þeir hlutu allir tvö og hálf ár í fangelsi. Það leið þó ekki á löngu þar til dómur fóru að þyngjast. Um miðjan desember 1996 féll þyngsti dómur sem hafði verið dæmur í fíkniefnamáli fram til þessa á Íslandi. Karlmaður var dæmdur í sex ára fangelsi fyrir að flytja inn svipað magn og fimmenningsarnir höfðu áður verið teknir með („Alsíringur fékk“, 1996).

## Fréttir um skaðsemi e-tafna

Á þessum tíma greindu fjölmiðlar frá nýjum vísindarannsóknum sem sýndu fram á skað-semi e-töflunnar. Flest dagblöðin greindu frá niðurstöðum bandarískra lækna þess efnis að neysla e-tafna gæti valdið varanlegum heilaskemmdum. Áhugavert er að sjá muninn á umfjölluninni. Í Morgunblaðinu var greint frá niðurstöðunum með fyrirsögninni: „Eit-urlyfið alsæla: Kann að valda varanlegum heilaskemmdum“ („Eiturlyfið alsæla“, 1995) sem er í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar. Í DV birtist aftur á móti fyrirsögnin:

„Alsæla veldur heilaskaða“ („Alsæla veldur“, 1995). Sú fyrirsögn tónar við siðfársorðræðuna. Í henni felst fullyrðing um að neyslan valdi heilaskaða í stað þessa að greina frá mögulegum tengslum á milli heilaskaða og neyslu e-taflna. Nokkru síðar tók Morgunblaðið undir þessa orðræðu og birti fyrirsögnina: „E-pillan étur upp heilann“ („E-pillan étur“, 1996) á forsiðu sinni.

Í kjölfarið á aukinni umræðu um skaðsemi e-taflna var þjóðarátaki gegn fíkniefnum hrundið af stað. Átakið einkenndist af þeim mikla ótta sem ríkti í samfélaginu. Stórar auglýsingar voru settar á alls 54 strætisvagna í Reykjavík þar sem sjá mátti mynd af ungum manni sem lá dáiinn á baðherbergisgólfi. Til að undirstrika mikilvægi boðskaparins fengu samtökin að birta auglýsingarnar án gjalds. Við hlið myndarinnar stóð textinn: „Það þarf ekki nema eina pillu“ („Þjóðarátak gegn“, 1997).

Niðurstöður rannsóknarinnar, sem vitnað var í hér að ofan, bentu til þess að ofneysla MDMA, virka efnisins í e-töflum, gæti valdið því að serótónínið í heilanum minnki. Boðefnið hefur áhrif á svefn, kynlíf og skapgerð. Skammturinn þarf þó að vera þrefaldur miðað við venjulega neysluskammta (Roberts, 1986). Rannsóknin var framkvæmd á rottum, en nýlegar rannsóknir hafa sýnt að ekki er hægt að yfirfæra niðurstöðurnar á menn (Green, King, Shortall og Fone, 2012a). Enn sem komið er hafa engar rannsóknir sýnt fram á að e-töflur valdi heilaskaða en frekari rannsókna er þörf (sjá t.d. Green, King, Shortall og Fone, 2012a; Halpern, o.fl. 2011; Zakzanis, Zachariah og Jovanovski, 2007). Fræðimenn hafa auk þess bent á að áhrif MDMA á neytendur og samfélagið eru töluvert minni en áhrif annarra vímuefna, eins og kókaíns, áfengis og tóbaks (Nutt, King, Saulsbury og Blakemore, 2007).

Rannsóknarstofa Evrópusambandsins á fíkniefnaneyslu (EMCDDA) hefur sýnt fram á að þær aukaverkanir, sem vitnað er að e-töflur valdi, séu ofþornun og þunglyndi. Dauðsföll af völdum e-töfluneyslu séu aftur á móti mjög fátíð nema ópiúmeffna hafi verið neytt samhliða (EMCDDA, 2013). Mesta hættan í kringum neyslu e-taflna er þó að sjaldnast er um hreint MDMA að ræða. Þekkt er að sölumenn drýgja efnið með ýmsum öðrum efnum. Töluverð hætta skapast þar sem neytendur geta ekki vitnað með vissu hvaða efni er verið að innbyrða (Green, King, Shortall og Fone, 2012b).

## Samantekt og lokaorð

Hér að framan hefur verið greint frá viðbrögðunum sem fylgdu komu e-töflunnar til Íslands á tíunda áratug síðustu aldar. Niðurstöðurnar benda til að umræðan og viðbrögðin hafi einkenst af siðfári. Erlendis hefur verið sýnt fram á að siðfár á sér stað vegna neyslu flestra vímuefna (sjá t.d. Baerveldt o.fl., 1998; Goode og Ben-Yehuda, 2009; Reinarmann, 1994). Líkt og fram kom í skrifum Cohen (2002) eru fjölmiðlar mikilvægasti aðillinn í siðfári. Umfjöllunin um e-töfluna hófst hér á landi í fjölmiðlum löngu áður en hægt var að greina áhyggjur vegna hennar í samfélaginu. Hvort fjölmiðlarnir eru aðeins vettvangur málsmetandi aðila og hagsmunahópa til að koma skoðunum sínum á framfæri eða ekki eru þeir greinilega vettvangur til að sýna og viðhalda áhyggjum í samfélaginu.

Allir þættirnir, sem Cohen (2002) og Goode og Ben-Yehuda (2009) benda á í

rannsóknnum sínum að séu mikilvægir í siðfári, voru greinanlegir á Íslandi. Atburðir voru afbakaðir og ýktir í tengslum við e-töfluna. Greint var frá sjaldgæfum afleiðingum neyslunnar eins og þær væru tíðar og í raun regla en ekki undantekning. Annað sem ýtti undir umfjöllun og ótta og stuðlaði að siðfári var að neyslan var ekki talin bundin við hinn „hefðbundna“ hóp neytenda. „Venjulegir“ krakkar voru farnir að nota e-töflur og það í stórum stíl, ef marka mátti umræðu fjölmiðla sem stuðlaði að siðfári í samfélaginu. Fréttir greindu frá því að neysla e-taflna væri orðin mjög algeng, jafnvel í efstu bekkjum grunnskóla. Flökkusögur fóru á kreik og umræðan snerist fljótt um það að einhverra aðgerða væri þörf til að vernda ungu kynslóðina frá ógninni. Fíkniefnasalarnir voru teknir fyrir og þeir skilgreindir sem þjódarskelfar. Þeir ógnuðu lífi ungmenna með því að selja þeim dauðann í töfluformi. Viðhorfsmælingar hafa sýnt að áhyggjur landsmanna af fíkniefnum hafa aldrei mælst eins hátt og árið 1997.

Af orðræðunni að dæma mátti halda að neysla e-taflna væri mjög útbreidd og að flest ungmenni hefðu einhvern tímann fiktad við efnið eða væru líkleg til þess. Kannanir á neyslu barna og unglinga sýndu þó annað. Aðeins óverulegt hlutfall unglinga í 10. bekk sagðist einhvern tíma hafa prófað að neyta efnisins og enn lægra hlutfall sagðist nota e-töflur reglulega (Stefán Hrafn Jónsson o.fl., 2003; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998). Fréttaflutningur og umræðan í samfélaginu var verulega ýkt og úr samhengi við stöðuna í samfélaginu eins og rannsóknir bentu til að hún hefði verið á þeim tíma. Krakkar greindu meðal annars frá því að eldri konur væru farnar að óttast þá vegna mikillar umfjöllunar um vímuefnaneyslu þeirra („Eldri konur“, 1996).

Í upphafi voru það helst lögreglan, fjölmiðlar og aðrir málsmetandi aðilar hér á landi sem fjölluðu um e-töfluógnina. Samfélagið allt virtist þó hafa sameinast gegn vímuefnaógninni. Eftir því sem leið á siðfárstímabilið jukust áhyggjur almennings og krafan um aðgerðir stjórnvalda ágerðist. Undirskriftalistar voru settir af stað og krafa um hertar refsingar kom fram því sölumennirnir væru ekkert annað en morðingjar („Fjórar mæður“, 1996). Stjórnvöld svöruðu ákalli almennings. Auknu fjármagni var veitt til lög-reglunnar og ný lög voru sett sem juku rannsóknarheimildir hennar. Ríkissaksóknara var auk þess í fyrsta sinn veitt heimild til að fá upplýsingar um farsímanotkun aðila í dómsmáli. Dómsmálaráðherra biðlaði til dómara og sagði að almenningur liti svo á að þungja bæri refsingar og fullnýta refsirammann. Í kjölfarið fóru refsingar að þungjast hér á landi.

Þessi afstaða og breytingar, sem áttu sér stað í samfélaginu um miðjan tíunda áratug síðustu aldar, benda því eindregið til þess að siðfár hafi ríkt í íslensku samfélagi á þeim tíma. Viðbrögðin gefa til kynna að siðfárið hafi átt upptök sín hjá þrýstihópum úr milli-stétt sem síðan hafi breiðst út til samfélagsins alls eins og Goode og Ben-Yehuda (2009) telja algengast í siðfári. Greinilegt er að umfjöllun fjölmiðla um e-töfluna jókst mikið á stuttum tíma og hjaðnaði jafnfljótt aftur. Umfang vandans var ýkt, neyslan var ekki eins algeng í samfélaginu og umræða fjölmiðla og málsmetandi aðila í samfélaginu vitnaði um.

Hvernig mælum við hvað eru eðlileg eða viðeigandi viðbrögð samfélagsins við vanda af þessu tagi eins og gagnrýnendur siðfárskenninga hafa bent á? Áhyggjur af fíkniefnum voru til staðar hér á landi löngu áður en e-taflan kom fyrst til landsins og þær

hafa ekki minnkað síðan (Helgi Gunnlaugsson, 2013). Vandinn sem fylgdi e-töflunni á tíunda áratugnum bættist því við áhyggjur landsmanna og virtist staðfesting á því hversu hættuleg fíkniefni geta verið. E-taflan var ný á markaðnum og ekki mikið vitað um skaðsemi hennar en jafnframt var vandinn alþjóðlegur en ekki eingöngu bundinn við Ísland. Rannsóknir, sem sýndu einhverja neyslu efnisins í grunnskólum á þessum tíma, hlutu því að valda usla meðal þjóðarinnar. Það þarf því ekki að koma á óvart að bæði stjórnvöld og almenningur brugðust hart við þegar e-taflan barst hingað til lands. Neysla á efninu virðist einungis hafa aukist lítillega meðal tíundu bekkinga á siðfárstímabilinu sjálfu, eða úr 1,6 prósentum sem sögðust hafa neytt efnisins 1995 upp í 2,3 prósent árið 1997. Aukin umfjöllun og tilfinningaleg viðbrögð samfélagsins héldu því mögulega eitthvað aftur af útbreiðslu efnisins – sem hlýtur að vera ánægjuefni. Athygli vekur þó að meiri aukning varð eftir lok siðfárstímabilsins eða milli 1997 og 1998 þegar neyslan mældist 3,4 prósent meðal tíunda bekkinga hér á landi. Í samfélagi, sem lengi hafði verið einhuga í baráttunni gegn fíkniefnum, hlýtur það að teljast nokkuð hátt hlutfall meðal grunnskólabarna. E-taflan var því komin til að vera í íslensku samfélagi eins og annars staðar á Vesturlöndum.

Siðfársrannsóknir hafa fyrir löngu tryggt sér sess innan félagsvísinda ekki síst í rannsóknum á fíkniefnum. Helsti styrkleikinn birtist í því að sýnt er fram á að oft ríki mismæmi milli huglægra viðbragða samfélagsins við hlutlægum eiginleikum félagslegra vandamála. Áhyggjur eða ótti samfélagsins við tilteknum vanda virðast oft í litlu samræmi við hlutlæga mælikvarða um eðli vandans. Viðbrögðin ráðast oft af hagsmunum þrýstihópa eða málsmetandi aðila sem kynda undir áhyggjum samfélagsins og almennings með fulltingi fjölmiðla. Veikleiki siðfársrannsókna birtist líklegast einna helst í því, eins og gagnrýnendur hafa bent á, að ekki er hægt að fastsetja nákvæmlega hvenær siðfár ríki og hvenær ekki. Hvað eru eðlileg viðbrögð og hvenær eru þau á hinn bóginn í litlu samræmi við eðli vandans? Er það eingöngu mat rannsakandans sjálfs sem sker úr um það eða er hægt að setja viðmið um það hvernig vandinn skuli metinn? Þrátt fyrir að Cohen (2002) og Goode-Ben-Yehuda (2009) hafi sett sér viðmið af þessu tagi, eins og fram kom hér að framan, er ekki víst að þau dugi alltaf.

Fíkniefnavandinn á Íslandi á sér langa sögu og viðbrögðin hafa ætíð einkennst af miklum áhyggjum. Merki um siðfár er líklegast hægt að greina allar götur síðan efnin komu fyrst til landsins í lok sjöunda áratugarins og því spurning hvenær siðfár byrjar og hvenær það endar. Uppnámið vegna komu e-töflunnar var þó sérstakur kafli í sögu fíkniefna á Íslandi og öll merki um siðfár komu fram á tiltölulega stuttum tíma upp úr miðjum tíunda áratug síðustu aldar. Afleiðingar siðfársins birtust síðan í verulega aukinni þyngd dóma fyrir fíkniefni sem smám saman hafði áhrif á refsipýngd í öðrum brotaflokkum.

Draga má lærdóm af rannsókninni í dag hversu vel stjórnkerfið er í stakk búið til að takast á við tímabundið uppnám í samfélaginu. Málefni sem tengjast fíkniefnum hafa verið áberandi í siðfársrannsóknum en önnur mál eins og hryðjuverkaógn á Íslandi eða vopnaburður lögreglu eru mál sem einnig eru vel fallin til rannsókna af því tagi. Mikilvægt er að aðilar stjórnkerfisins búi yfir traustri fagþekkingu og nálgist málin á yfirveg-



aðan og raunsæjan hátt. Veikburða stjórnsýsla getur verið berskjölduð fyrir síðfari og kröfugerð þrýstihópa og sérhagsmuna. Brýnt er að umræða í samfélaginu um félagsleg vandamál, eins og neyslu fíkniefna, sé byggð á hinum bestu upplýsingum sem hægt er að afla. Í þeim efnum reynir á aðila stjórnkerfisins og ekki síður þá sem koma nálægt rannsóknum í málaflokknum.

## Heimildir

- Alsíringur fékk í gær einn þingsta dóm fyrr og síðar í fíkniefnamáli á Íslandi: Fær sex ár fyrir tæpar þúsund alsælutöflur. (1996, 14. desember). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 2.
- Alsæla veldur heilaskaða. (1995, 9. september). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 12.
- Arnþrúður Karlsdóttir flytur þingsályktunartillögu um hert viðurlög við fíkniefnabrotum: Ellefu ára neytendur! (1995, 13. október). *Tíminn*, bls. 2.
- Ákæra gefin út á hendur pari sem smyglaði 303 töflum af alsælu: Faldi eitrið í leggöngunum – hámarksrefsing fyrir tiltækið gæti numið allt að sex árum. (1995, 26. september). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 2.
- Ákæra í alsælumáli, einu stærsta og alvarlegasta fíkniefnamálinu hérlendis: Fimm menn verði dæmdir í allt að 10 ára fangelsi. (1996, 26. apríl). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 48.
- Baerveldt, C., Bunkers, H., de Winter, M. og Kooistra, J. (1998). Assessing a moral panic relating to crime and drugs policy in the Netherlands: Towards a testable theory. *Crime, Law & Social Change*, 29, 31-47.
- Barátta gegn fíkniefnavandanum: Þúsundir undirskrifta komnar. (1996, 30. janúar). *Morgunblaðið*, bls. 8.
- Becker, H. S. (1963). *Outsiders: Studies in the sociology of deviance*. New York: Free Press.
- Ben-Yehuda, N. (1986). The sociology of moral panics: Toward a new synthesis. *The Social Quarterly*, 27, 495-513.
- Bryman, A. (2004). *Social research methods* (2. útgáfa). New York: Oxford University Press.
- Cassell, J. og Cramer, M. (2008). High tech or high risk: Moral panics about girls online. Í T. McPherson (ritstjóri), *Digital youth, innovation, and the unexpected* (bls. 53-76). Cambridge: The MIT press.
- Cohen, S. (2002). *Folk devils and moral panics: The creation of mods and rockers* (3. útgáfa). London: McGibbon and Kee.
- Collin, M. (1997). *Altered state: The story of ecstasy culture and acid house*. London: Serpent's Tail.
- Cornwell, B. og Linders, A. (2002). The myth of moral panic: An alternative account of LSD prohibition. *Deviant Behavior*, 23(3), 307-330.
- Cottino, A. og Quirico, M. (1995). Easy target and moral panic: The law on drug addiction No. 162 of 1990. *Scandinavian Journal of Social Welfare*, 4(2), 108-113.
- Critcher, C. (2003). *Moral panics and the media*. Milton Keynes: Open University Press.
- Critcher, C. (ritstjóri). (2006). *Critical readings: Moral panics and the media*. Berkshire: Open University Press.
- Dansað við dauðann eftir Ragnhildi Sverrisdóttur fjallar um fíkniefnavandann: Óþroskaður unglingur sem tók ranga ákvörðun. (1996, 2. nóvember). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 44-45.
- DeYoung, M. (1996). Speak of the devil: Rhetoric in claims-making about the satanic ritual abuse problem. *Journal of Sociology and Social Welfare*, 23, 55-74.
- DeYoung, M. (1998). Another look at moral panics: The case of satanic day care centers. *Deviant Behavior*, 19(3), 257-278.
- DeYoung, M. (2004). *The ritual abuse controversy: An annotated bibliography*. Jefferson, NC: McFarland.
- Dómari og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, 52/1973.
- Eiturlyfið alsæla: Kann að valda varanlegum heilaskemmdum. (1995, 3. september). *Morgunblaðið*, bls. B 31.
- Eldri konur hræddar við okkur – vegna umfjöllunar fjölmiðla. (1996, 21. nóvember). *Helgarpósturinn*, bls. 8.

- Ellert B. Schram. (1992, 25. maí). Alsæla heitir það. *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 14.
- EMCDDA. (2013). *European drug report: Trends and developments*. Lúxemborg: Publications Office of the European Union.
- E-pillan étur upp heilann. (1996, 14. júní). *Morgunblaðið*, bls. 1.
- Fimm menn ákærðir í fyrsta dómsmálinu sem snýst um innflutning og sölu á E-pillum: Játar að hafa selt um 200 ungmennum E-pillur. (1996, 30. apríl). *Morgunblaðið*, bls. 6.
- Fimm ráð gegn fíkniefnum. (1996, 11. júlí). *Morgunblaðið*, bls. 47.
- Fíkniefnablakur á Kaldármelum. (1992, 4. ágúst). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 40.
- Fíkniefnalögreglan í Reykjavík hefur lagt hald á 900 alsælutöflur á þessu ári: Sjálfsvíg unglunga rakin til alsælu. (1995, 8. desember). *Morgunblaðið*, bls. 10.
- Fjórar mæður ungra vímuefnaneytenda: Opnið augun, því dópið er alls staðar. (1996, 21. janúar). *Morgunblaðið*, bls. 11.
- Goode, E. (1990). The American drug panic of the 1980's: Social construction or objective threat? *Substance Use & Misuse*, 25(9), 1083-1098.
- Goode, E. og Ben-Yehuda, N. (2009). *Moral panics: The social construction of deviance* (2. útgáfa). Chichester: Wiley-Blackwell.
- Green, A. R., King, M. V. Shortall, S. E. og Fone, K. C. F. (2012a). Ecstasy cannot be assumed to be 3,4-methylenedioxyamphetamine (MDMA). *British Journal of Pharmacology*, 166(5), 1521-1522.
- Green, A. R., King, M. V. Shortall, S. E. og Fone, K. C. F. (2012b). Review: Lost in translation: Preclinical studies on 3,4-methylenedioxyamphetamine provide information on mechanisms of action, but do not allow accurate prediction of adverse events in humans. *British Journal of Pharmacology*, 166(5), 1523-1536.
- Gunnhildur Steinarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2010). Siðfár og samfélagslegar breytingar. Áhrif fjölmiðla á baráttu samkynhneigðra. Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI: Félags- og mannvísindadeild* (bls. 46-52). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gunnhildur Steinarsdóttir. (2010). *Frá kynwillu til kynhneigðar. Hvað einkeinnir orðræðuna nú þegar baráttan um orðin er unnin?* Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Gunnlaugsson H. og Galliher, J. F. (2010). Drug Globalization: Eventual Legalization of Beer in Iceland and Marijuana Decriminalization in the USA. *Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention*, 11(2), 119-134.
- Hald lagt á fíkniefni að söluverðmæti 100 milljónir á síðasta ári: Fíkniefni fyrir um milljarð á götunni. (1996, 20. janúar). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 27.
- Hall, S., Critcher, C., Jefferson, T., Clarke, J. og Roberts, B. (1978). *Policing the crisis: Mugging, the state, and law and order*. London: Macmillan.
- Halpern, J. H., Sherwood, A. R., Hudson, J. I., Gruber, S., Kozin, D. og Pope Jr. H. G. (2011). Residual neurocognitive features of long-term ecstasy users with minimal exposure to other drugs. *Addiction*, 106(4), 777-786.
- Hawdon, J. E. (1996). Cycles of deviance: Social mobility, moral boundaries and drug use, 1880-1990. *Sociological Spectrum*, 16, 183-207.
- Hawdon, J. E. (2001). The role of presidential rhetoric in the creation of a moral panic: Reagan, Bush, and the war on drugs. *Deviant Behavior: An Interdisciplinary Journal*, 22, 419-445.
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson. (2013). Fíkniefni, íslenskt samfélag og nýir kostir í stefnumótun. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 9(2), 395-414.

- Héraðsdómur dæmir Hafnirfyrirþing í fikniefnamáli: Fyrsti alsæludómurinn. (1995, 12. maí). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 2.
- Hibell, B., Andersson, B., Bjarnason, Th., Ahlström, S., Balakireva, O., Kokkevi, A., and Morgan, M. (2004). *The 2003 ESPAD Report: Alcohol and Other Drug Use Among Students in 35 European Countries*. Stockholm: Can.
- Hibell, B., Andersson, B., Bjarnason, Th., Kokkevi, A., Morgan, M., and Narusk, A. (1997). *The 1995 ESPAD Report: The European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs. Alcohol and Other Drug Use Among Students in 26 European Countries*. Stockholm: Can.
- Hier, S. P. (ritstjóri). (2011). *Moral panic and the politics of anxiety*. Abingdon: Routledge.
- Hier, S. P. (2002). Raves, risk and the ecstasy panic: A case study in the subversive nature of moral regulation. *Canadian Journal of Sociology*, 27(1), 33-57.
- Hill, A. (2002). Acid house and Thatcherism: Noise, the mob and the English countryside. *British Journal of Sociology*, 53(1), 89-105.
- Hörmulegar afleiðingar alsæluneyslu gera vart við sig á Íslandi: Alsælan gerði út af við son okkar – segja foreldrar 16 ára unglings sem svipti sig lífi degi eftir neyslu alsælu. (1995, 16. desember). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 38-39.
- Jakob Kristinsson cand. pharm. um fráhrarfseinkenni alsælu: Geta fengið erfitt og hættulegt þunglyndi – örvandi ofskynjunarefni ekki minna vanabindandi en amfetamín. (1992, 22. maí). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 4.
- Jenkins, P. og Maier-Katkin, D. (1992). Satanism – Myth and reality in a contemporary moral panic. *Crime, Law and Social Change*, 17(1), 53-75.
- Jónatan Þórmundsson. (1980). *Opinbert réttarfar II*. Reykjavík.
- Krinsky, C. (ritstjóri). (2013). *The ashgate research companion to moral panics*. Suerrry: Ashgate Publishing Limited.
- Landlæknisembættið, lögreglan og fleiri blása til sóknar gegn alsæluneyslu: Neysla alsælu eða ecstasy talin hafa færst í aukana – markhópurinn eldri grunnskólanemar og framhaldsskólanemar. (1995, 29. mars). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 4.
- Lög um meðferð opinberra mála, 107/1976.
- Lög um meðferð opinberra mála, 27/1951.
- Lög um skipan dómsvalds í héraði, 109/1976.
- McRobbie, A. og Thornton, S. L. (1995). Rethinking „moral panic“ for multimediated social worlds. *British Journal of Sociology*, 46(4), 559-574.
- Nemendur úr vesturbænum og af Seltjarnarnesi hittust í íbúð á Kaplaskjólsvægi: Fjórtaán 10. Bekkingar teknir í fikniefnapartí – enginn komið við sögu áður – 15 nýttu ecstasy þremur vikum áður. (1995, 1. apríl). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 2.
- Nutt, D., King, L. A., Saulsbury, W. og Blakemore, C. (2007). Development of a rational scale to assess the harm of drugs of potential misuse. *The Lancet*, 369, 1047-1053.
- Pétur Gunnarsson. (1993, 15. ágúst). Af innlendum vettvangi: Tengist ásókn í LSD nú því að tónlist og fatatíska hippatímans er í uppsveiflu? Hryllingssögurnar gleymdar en rómantíkin lifir. *Morgunblaðið*, bls. 6.
- Reinarman, C. (1994). The social construction of drug scare. Í P. A. Adler og P. Adler (ritstjórar), *Constructions of deviance: Social power, context, and interaction* (bls. 92- 104). Belmont, CA: Wadsworth Publishing CO.
- Reykjavík: Ecstasy-æði. (1995, 3. apríl). *Helgarpósturinn*, bls. 11.
- Ríkissáskóknara leyft að fá upplýsingar um símtöl frá Pósti og síma í stóru alsælumáli: GSM á að styðja sök íslensks söluáðila í London. (1996, 4. október). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 40.
- Roberts, M. (1986). MDMA: Madness not ecstasy. *Psychology Today*, júní, bls 14-15.
- SÁÁ. (2010). Ársrit SÁÁ 2007-2010. Reykjavík: Höfundur.

- Sigrún Aðalbjarnardóttir, Sigurlína Davíðsdóttir og Eyrún M. Rúnarsdóttir. (1997). Áhættuhegðan reykviskra unglínga: Tóbaksreykingar; áfengisneysla, hassneysla og neysla annarra vímuefna. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Hrafn Jónsson, Þóroddur Bjarnason, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Jón Sigfússon. (2003). *Vímuefnaneysla íslenskra unglínga 2003: Niðurstöður rannsókna á vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk grunnskóla 1995-2003*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Sölmenn dauðans. (1995, 22. desember). *DV (Dagblaðið Vísir)*, bls. 14.
- Thompson, K. (1998). *Moral panics: Key ideas*. London: Routledge.
- Tíminn spyr... Á að herða refsirammann vegna fíkniefnabrota? (1995, 13. október) *Tíminn*, bls. 2.
- Ummæli og viðhorf. (1996, 24. janúar). *Morgunblaðið*, bls. 27.
- Ungar, S. (2001). Moral panic versus the risk society: The implications of the changing sites of social anxiety. *British Journal of Sociology*, 52, 271-291.
- Vímuefnið alsæla hefur valdið sjö dauðsföllum: Efnið sam fannst á Kaldármelum er hugsanlega alsæla. (1992, 5. ágúst). *Morgunblaðið*, bls. 4.
- Waddington, P. A. J. (1986). Mugging as a moral panic: A question of proportion. *British Journal of Sociology*, 37, 245-259.
- Zakzanis, K. K., Zachariah, C. og Jovanovski, D. (2007). The neuropsychology of ecstasy (MDMA) use: A quantitative review. *Human Psychopharmacology: Clinical and Experimental*, 22(7), 427-435.
- Þingmenn ræða um fíkniefnavandann: Kröfur um auknar forvarnir og aðgerðir. (1995, 13. desember). *Morgunblaðið*, bls. 28-29.
- Þjóðaráttak gegn fíkniefnum: Auglýsingar á strætisvagna. (1997, 25. febrúar). *Morgunblaðið*, bls. 53.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umbverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þurfa foreldrar 11 ára barna að hugsa um vímuvarnir? (1996, 30. október). *Morgunblaðið* bls. 27.